

**Nd.**

## **6. Frumvarp til laga**

[6. mál]

um breyting á lögum um Búnaðarbanka Íslands, nr. 28/1976.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Vilmundur Gylfason, Sighvatur Björgvinsson,  
Magnús H. Magnússon.

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Starfsár Búnaðarbanka Íslands er almanaksárið. Ársreikning skal birta í ársskýrslum bankans og Stjórnartíðindum, en auk þess skal við hver mánaðamót birta yfirlit um efnahag bankans.

Ársreikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað, ferða- og risnukostnað bankans.

Sundurliðun einstakra þátta skal vera þannig:

### **I. Launagreiðslur:**

- a) Heildarlaunagreiðslur.
  - b) Föst yfirvinna.
  - c) Önnur yfirvinna.
  - d) Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.
- Upplýsingar skulu fylgja um starfsmannafjölda í lið a, b og c.

### **II. Bifreiðakostnaður:**

- a) Fjöldi ríkisbifreiða og rekstrarkostnaður þeirra.
- b) Notkun bílaleigubifreiða.
- c) Notkun leigubifreiða.
- d) Greiðslur fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

### III. Risnukostnaður:

- a) Föst risna greidd einstökum starfsmönnum.
- b) Risna greidd samkvæmt reikningi.

### IV. Ferðakostnaður:

- a) Ferðakostnaður innanlands, þ. m. t. dagpeningar.
- b) Ferðakostnaður utanlands, þ. m. t. dagpeningar.

Einnig skal í ársreikningi koma fram svofelld sundurliðun á fjármunamyndun:

#### Efnislegir fjármunir:

- a) Húseignir, lóðir og lendur.
- b) Vélar, áhöld, húsgögn o. fl.
- c) Bifreiðar.
- d) Aðrar eignir.

Sundurliða skal framangreinda flokka þannig:

1. Keypt og byggt á árinu.
2. Selt á árinu.
3. Afskrifað og fært á rekstrarreikning.
4. Endurmat á árinu fært á endurmatsreikning.

Reikningar bankans skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum sem Alþingi kýs hlutbundinni kosningu til tveggja ára í senn. Ráðherra úrskurðar reikninga bankans.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Á Alþingi 26. apríl 1982 voru samþykkt lög um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966.

Tilgangur þeirra laga var að ná fram virkara aðhaldi og eftirliti með fjármunum ríkisins og framkvæmd fjárlaga.

Þar sem þau lög ná ekki til ríkisbankanna er nú lagt til í frumvarpi þessu um Búnaðarbanka Íslands, auk frumvarpa sem samhliða eru lögð fram um breyting á lögum annarra ríkisbanka, að breyting verði gerð á þeim lögum til að tryggja einnig ítarlegri reikningsskil á ýmsum þáttum í rekstri ríkisbankanna.

Í ársreikningum bankanna nú er nokkuð mismunandi hvernig sundurliðun þeirra þátta er háttáð sem í þessu frumvarpi er lagt til að lögfest verði að sérstaklega beri að gera grein fyrir.

Svo virðist þó í ársskýrslum bankanna að þeir fjórir rekstrarþættir, sem lagt er til í frumvarpinu að sundurliðaðir verði sérstaklega, þ. e. a. s. launagreiðslur, bifreiða-, risnu- og ferðakostnaður, komi fram aðeins undir einum lið — rekstrarkostnaður — án nokkurrar sundurliðunar. Undanskilja ber þó Útvegsbankann þar sem sérstaklega kemur fram kostnaður vegna launa, launatengdra gjalda og hins vegar annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.

Varðandi reikningsskil á fjármunamyndun kemur ekki nægjanlega skýrt fram sundurliðun á lausum og föstum fjármunum eða að uppgjör bankanna gefi glögga mynd af áhrifum einstakra þátta í eignabreytingu á reikningsskil og hag bankanna, svo sem sundurliðun afskrifta eða endurmats á þá þætti efnislegra fjármuna sem hér er lagt til að sundurliðaðir verði.

Benda má einnig á að um ýmsar þær upplýsingar, sem hér er lagt til að fram komi á ári hverju í reikningsskilum bankanna, er öðru hverju beðið í fyrirspurnum alþingismanna hér á Alþingi, enda eru þessar upplýsingar nauðsynlegur liður í aðhaldi og eftirliti ekki síður hjá bönkunum en öðrum ríkisstofnunum.